

Ed.

## 238. Frumvarp til laga

[133. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1976, um skipulag ferðamála.

Fhm.: Davíð Aðalsteinsson.

### 1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist sem ellefti liður: Stéttarsamband bænda.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1980.

### Greinargerð.

Fyrsta grein laga um skipulag ferðamála frá 1976 hljóðar svo: „Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk sem mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og félagslífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.“ Eins og fyrsta grein laganna frá 1976 hljóðar, þarf enginn að efast um tilgang laganna. Í öðrum kafla þeirra, þriðju grein, er gert ráð fyrir því, að Ferðamálaráð Íslands fari með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins. Í fjórðu grein laganna eru talin upp hin ýmsu samtök og fyrirtæki, sem tengd eru ferðamálum og tilnefna hvert um sig einn aðila í Ferðamálaráð, samtals tíu. Ráðherra skipar þrjá til viðbótar án tilnefningar. Sú lagabreyting, sem hér er lögð til, gerir ráð fyrir, að einn fulltrúi bætist við samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda.

Enginn vafi leikur á því, að ferðamannaþjónusta hefur verið vaxandi atvinnugrein hér á landi síðustu ár. Gjaldeyrstekjur hafa aukist verulega samhliða aukinni landkynningu svo og tekjur af þeirri þjónustu, sem innt er af hendi við innlenda ferðamenn. En hvort tveggja tengist að sjálfsögðu hinni ýmsu starfsemi, sem lög um ferðamál ná ekki til. Hagsmunir íslenskra bænda eru samofnir ferðamálum í landinu. Bændur eru víða landeigendur áningarstaða ferðafólks og hafa oft og tíðum hagsmuna að gæta í sambandi við veiði í ám og vötnum. Bændur sjálfir og fulltrúar þeirra hafa iðulega verið talsmenn umhverfis- og náttúruverndar, en eins og kunnugt er hefur Ferðamálaráð m. a. það hlutverk á hendi, að þróun ferðamála verði samhliða náttúru- og umhverfisvernd.

Sala landbúnaðarafurða er mikilvægur þáttur í ferðamannaþjónustunni. Það er brýnt hagsmunamál bænda, að landbúnaðarafurða sé neytt í vaxandi mæli í landinu sjálfu. Neysla erlendra gesta á þeim afurðum jafngildir í raun útflutningi, en án þess að til útflutningsbóta komi. Ferðamannaverslun fer sífellt vaxandi víða um land, m. a. þar sem verslanamiðstöðvar eru í höndum samvinnufélaga. Í sumum þéttbýliskjörnum má líkja verslun ferðamanna við jólaös. Alkunna er, að bændur hafa um árabíl verið í tengslum við hótélrekstur og má í því sambandi minna á Hótel Sögu og Hótel KEA á Akureyri. Ýmis dæmi fleiri mætti rekja, sem bera vitni rekstraraðild bænda að þjónustu við ferðamenn.

Að lokum skal þess getið, að nýlega voru stofnuð Landssamtök ferðamannabænda. Á einum stað í samþykktum félagsins segir svo: „Tilgangi sínum hyggjast samtökin ná með því að stuðla að góðri samvinnu milli bænda og þéttbýlisbúa varðandi aðstöðu fyrir fólk til byggingar eða afnota sumarbústaða og greiða fyrir því, að allir hafi aðgang að landinu til útivistar.“ Bændur eiga meginhluta landsins og er því góð samvinna milli þeirra og þéttbýlisbúa forsenda þess, að unnt sé að tryggja öllum landsmönnum og þeim, sem sækja landið heim, aðgang að landinu með þeim hætti, að sem flestir geti vel við unað.

Samkvæmt þeim atriðum, sem bent hefur verið á í þessari stuttu greinargerð, telur flutningsmaður eðlilegt að bændur fái aðild að Ferðamálaráði og verði þar með virkir þátttakendur í mótun þeirrar heildarstefnu, sem fylgja þarf í ferðamálum. Því er lagt til að Stéttarsamband bænda tilnefni einn fulltrúa í Ferðamálaráð.